

## 045/01 - Baldur

Baldur, Breiðarfjarðaferjan, skipverji slasast þegar við að fá fosfórsýru (ryðhreinsi) í andlitið

### Baldur

**Skipaskr.nr.:** 2044

**Smíðaður:** Akranesi 1990 Stál

**Stærð:** 301,00 brl; 645,00 bt

**Lengd:** 39,40 m **Breidd:** 9,20 m **Dýpt:** 6,60 m

**Vél:** Caterpillar x 2 1.038,00 kW **Ágerð:** 1990

**Annað:**

**Földi skipverja:** 7



### Atvikalýsing

Þann 19.maí 2001 var Baldur staddur í höfn í Stykkishólmi.

Verið var að undirbúa sýruþvott á bakborðssíðu Baldurs. Skipverji hafði lokið við að setja efnið sem notað var yfir á þrýstikút sem notaður var við verkið. Hann var að dæla upp þrýstingi á kútinn með loftdælu þegar lok kútsins gaf sig með þeim afleiðingum að sýran þrýstist upp úr honum og í andlit skipverjans.

Byrjað var að skola hinn slasaða um borð með léttu saltvatni og síðan farið með hann á sjúkrahúsið á Stykkishólmi og þaðan á Landsspítalann í Reykjavík.

### Við rannsókn kom fram

- að efnið sem verið var að nota er sýruvask frá ARROW, sem er ryðeyðir og inniheldur fosfórsýru með sýrustiginu PH 0,2.
- að þrýstikúturinn var 8-9 ára gamall;
- að öryggiventill var á kútnum sem átti að virka á þann veg að þegar fullur þrýstingur var kominn á kútinn átti hann að hleypa af honum yfirþrýstingnum;
- að hinn slasaði var hvorki með hlífðargleraugu né í hlífðarfatnaði;
- að ekki var búið að dæla fullum þrýstingi á kútinn;
- að við rannsókn á skrúfgengjum á kútnum komu fram tognun í plastinu;
- að öryggisventill stóð á sér;
- að samkv. niðurstöðu prófana bendir ekkert til að þrýstingur við pumpun hafi valdið því að kúturinn gaf sig en að líkur eru á að aðskotaefni og/eða aðskotahlutur hafi verið í kútnum;
- að samkv. upplýsingum frá söluaðila þá eru sambærilegir kútar í dag ekki fyrir sýru;
- að þegar kúturinn var keyptur á sínum tíma í samráði við söluaðila var sérstaklega óskað eftir því að hann yrði fyrir fosfórsýru.

### Nefndarálit

Nefndin telur að kúturinn sem notaður var hafi ekki verið í lagi og viðhaldi hans ábótavant. Þá átelur nefndin að ekki hafi verið notaður viðeigandi hlífðarbúnaður við verkið.

### Tillögur í öryggisátt

Nefndin beinir því til útgerðaraðila og áhafna að setja reglur um meðferð hættulegra efna um borð í skipum sínum. Þá eigi það að vera ófrávíkjanleg regla að skipverjar klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði og hlífðargleraugum þegar unnið er með hættuleg efni.